

Samþykktir stjórnar Orlofssjóðs

Fráfarandi stjórn Orlofssjóðs hefur haft að leiðarljósi að hafa mikið aðhald með rekstri sjóðsins og greiða niður skuldir. Fjárhagsstaða sjóðsins er góð en skuldir sjóðsins eru verulegar miðað við mat á eignum. Rekstur sjóðsins varðandi aðra liði en eigið húsnæði hefur vaxið mikið og er orðinn mjög yfirgripsmikill. Á komandi árum þarf því að greiða skuldir niður og gæta aðhalds í öllum rekstri á vegum sjóðsins.

Stefnumótun:

- Eftir mikla uppbyggingu í Heiðarbyggð og endurbyggingu húsa í Ásabyggð eru skuldir sjóðsins verulegar. Unnið verði áfram að því á næsta kjörtímabili að greiða skuldir sjóðsins niður.
- Á síðasta ári var gerður þjónustusamningur við skrifstofu KÍ um rekstur Orlofssjóðs, áfram verði leitað leiða til að auka hagsýni í rekstri sjóðsins.
- Á næstu tveimur árum verði lokið við endurbætur á eldri húsunum (10) í Ásabyggð, þrjú hús verði endurbætt á ári.
- Tryggt verði framboð sumarhúsa og íbúða víða um land til endurleigu fyrir félagsmenn og skoðaðir verði fjölbreyttari valmöguleikar á vetrarleigu
- Áfram verði unnið að því að lækka gistikostnað félagsmanna með því m.a. að greiða niður hótulgistingu með hótelmiðum.
- Áfram verði unnið að því að auka fjölbreytni orlofstilboða svo sem með gönguferðum og niðurgreiðslu fargjalda.
- Orlofssjóður kynni starfsemi sína fyrir félagsmönnum KÍ, hvenær sem tækifæri gefst til þess.